

*Snædís Sunna Thorlacius*

*Sigrún Hannesdóttir*

*Ómar Valur Jónasson*

*Steinunn Kristjánsdóttir*

## **DYSJAR HINNA DÆMDU**

**Uppgröftur á Þorgauts-/Þorgarðsdys á Arnarnesi**



**Reykjavík 2019**

## Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar .....	2
Útdráttur .....	3
1. Forsaga rannsóknar .....	3
2. Stjórnsýsla og fjármögnun .....	5
3. Aðrar almennar upplýsingar .....	5
4. Uppmælingakerfi .....	5
5. Aðferðir á vettvangi .....	6
6. Landslag, gróður og umfang uppgrafter .....	7
7. Miðlun .....	8
8. Niðurstöður .....	8
Heimildaskrá .....	10
Myndaskrá .....	10
Ljósmyndaskrá .....	11
Teikningaskrá .....	12



© Snædís Sunna Thorlacius, Sigrún Hannesdóttir, Ómar Valur Jónasson og Steinunn Kristjánsdóttir

Forsíðumynd: Drónamynd af Þorgauts-/Þorgarðsdys eins og komið var að henni fyrir uppgröft. Mynd tekin 17. júlí 2019 af Ómari Vali Jónassyni.

# Grunnupplýsingar

## Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ)

201806-0059

## Þjóðminjasafnsnúmer

2019-61

## Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna

GK-178:015

Ragnheiður Traustadóttir. 2018. *Fornleifaskráning Arnarnesi í Garðabæ*. Antikva ehf: Garðabæ, bls. 28–30.

## Stutt lýsing rannsókna

Að komast að því hvort Þorgautsdys sé í raun og veru dys og ef svo er, hvort hún sé frá rannsóknartímabilinu 1550–183.

## Tegund rannsókna

Vísindarannsókn

## Staðsetning

Arnarnes, Garðabær, Gullbringusýsla

## GPS hnit

403110.163 N, 358155.100 A

## Rannsóknartími


17.–19. júlí 2019

## Leyfishafi

Dr. Steinunn Kristjánsdóttir

## Fjöldi starfsmanna

Fjórir starfsmenn: Þrír fornleifafræðingar og einn nemi.



## Útdráttur

Grafið var í meinta dys, Þorgautsdys/Þorgarðsdys, á Arnarnesi í Garðabæ í júlí 2019. Uppgröfturinn var hluti af rannsóknarverkefningu *Dysjar hinna dæmdu* undir stjórn Dr. Steinunnar Kristjánsdóttur. Markmið uppgrafnarinnar var að ganga úr skugga um hvort um dys væri að ræða. Eftir að grjóthrúgan var afhjúpuð og grafnar í hana fjórar könnunarholur sem náðu niður á jökulruðning var ljóst að í henni voru engar mannsvistarleifar. Því var ályktað að ekki væri um dys að ræða heldur geti grjóthrúgan hafa verið landamerki eða orðið til við túnhreinsun og að þjóðsaga hafi spunnist út frá henni.

## 1. Forsaga rannsóknar

Þessi uppgröftur er hluti af rannsóknarverkefningu *Dysjar hinna dæmdu* undir stjórn Dr. Steinunnar Kristjánsdóttur. Markmið verkefnisins er að leita þeirra einstaklinga sem teknir voru af lífi frá 1550–1830 hérlendis. Þá er markmiðið að skrá þá staði þar sem aftökurnar fóru fram og leita beina eða dysja á þeim. Með því að grafa upp suma þeirra má varpa frekara ljósi á heilsufar líflátinna, klæðnað þeirra, grafarumbúnað og aðferðir við aftöku. Loks verða aftökurnar settar í sögulegt samhengi með tilliti til veðurfars og stjórnarháttanna (Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir, 2018).

Dysin sem hér er fjallað um hefur ýmist verið kölluð Þorgarðsdys og Þorgautsdys en talið var að þar væri dysjaður afbrotamaður sem tekinn var af lífi á Kópavogspingi. Dysin er nefnd í *Landamerkjalyfingu fyrir þjóðjörðinni Arnarnesi í Garðahreppi* sem Gísli Sigurðsson skráði og er númer 181134-2 undir almennri örnefnaskrá á menningarsögulega gagnasafninu Sarpi (Gísli Sigurðsson, e.d.). Þar er einnig vitnað í Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar segir:

„Inn með Nesinu að norðan liggur að því Kópavogur. Inn með nesinu eru nokkrir stórir steinar í fjörunni, nefnast Bæjarsteinar (15), af hverju sem það nú er. Nokkru þar fyrir innan, spöl uppi í holtinu, er Gvendarbrunnur (16), lind sem Guðmundur biskup góði á að hafa vígt. Frá brunninum rennur Brunnlækurinn (17) til sjávar. Þar enn innar með fjöru er svo Arnarneskot (18), Arnarnes gamla (19) eða Arnarnes litla (20). Ofan til við það er dys, nefnist Þorgautsdys (21). Þar var réttaður þjófur, og gekk hann mjög aftur og var lengi á ferli í Seltjarnar- og Álftaneshreppum.“ (Gísli Sigurðsson, e.d.).

Gísli telur að Þorgautur, sá sem dysin hefur gjarnan verið kennd við, hafi verið þjófur sem var réttaður. Nafnið Þorgautur kemur þó hvorki fram í Alþingisbókum né Annálum Íslands 1400-1800 í tengslum við aftökur. Hins vegar er vitað að fjölda dauðadóma, fyrir hin ýmsu brot, var framfylgt á Kópavogspingi og því ekki ólíklegt að dysjar sakamanna sé að finna á þessu svæði (Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir 2018). Ekki langt frá dysinni sem hér um ræðir gróf Guðmundur Ólafsson upp svokallaða Hjónadys árið 1988 og

fann þar beinagrindur karls og konu sem greinilega höfðu verið tekin af lífi (Guðmundur Ólafsson 1996). Raunar eru fleiri meintar dysjar afbrotamanna í Kópavogi og nefnir Gísli Sigurðsson tvær dysjar auk Þorgautsdysjar, þ.e. Kulhesdys og Þormóðsdys:

„Þarna liggur um holtið Hafnarfjarðarvegurinn. Á háholtinu vestan hans er stór þúfa, og liggur alfaraleiðin rétt hjá. Hér er Þormóðsleiði (27) eða Þormóðsdys (28). Enn vestar er svo Kulhesleiði (29) eða Kulhesdys (30). Þormóður var dæmdur á Kópavogspingi til lífláts fyrir þjófnað, en Kulhes, þýzkur maður, dæmdur þar fyrir mannvíg. Vó mann, íslenzkan, á Bessastöðum.“ (Gísli Sigurðsson, e.d.).

Í grein sinni *Nokkrar Kópavogsminjar*, sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1929, tekur Matthías Þórðarson Þuríði Guðmundsdóttur Mathiesen tali árið 1926 en hún var fædd árið 1855 í Kópavogi og uppalin þar til 19 ára aldurs (Matthías Þórðarson, 1929, bls. 29). Þuríður nefnir áðurnefnda dys og kennir hana við mann að nafni Þorgarður sem getið er um í þjóðsögum. Matthías veltir fleiri tilgátum fyrir sér en telur í öllu falli líklegast að hún sé dys afbrotamanns:

„Neðar [en Kulhesdys], á norðanverðum hálsinum. Kvað hún vera dys Þorgarðs, sem svo miklar þjóðsögur gengu um, sbr. Þjóðs. Jóns Árnas., I, 388-91. Mun sú dys þó frá fyrri tímum en Þorgarður á að hafa verið á, eftir þjóðsögunum. Annars er svo að sjá að sumt í þeim, einkum frásögnin um glæp þann er Þorgarður á að hafa verið drepinn fyrir, stafi frá máli Sigurðar á Árbæ. En hvað sem um það er, þá er líklegast að þessi dys sé yfir einhverjum, sem hafi verið líflátinn hér skammt frá eftir dómi á Kópavogspingi. Ögmundur skólastjóri Sigurðsson hefir sagt mér, að Filippus heitinn Filippusson, sem ólst upp í Arnarnesi, hafi skýrt svo frá, að þetta væri dys Steinunnar frá Árbæ. Ekki er það fortaksmál, þótt það komi ekki heim við frásögn Þuríðar. Dysin er úr grjóti og allstór. Að norðanverðu hefir henni verið rótað mikið upp, fyrir nokkrum árum, og kann þá að hafa verið tekið nokkuð grjót úr henni. Hún er að austanverðu við gamla veginn, skammt suður frá Litla-Arnarnesi, er Þuríður kvað svo heita.“ (Matthías Þórðarson, 1929, bls. 30).

Þorgautsdys/Þorgarðsdys er auk þess skráð í skýrslunni *Fornleifaskráning Arnarnes í Garðabæ* frá árinu 2018 eftir Ragnheiði Traustadóttur (Ragnheiður Traustadóttir, 2018, bls. 28–30). Þar er oft vitnað í báðar fyrrnefndar ummfjallanir. Í skráningarskýrslunni eftir Ragnheiði segir einnig að Guðmundur Ólafsson hafi skráð staðinn árið 1983 fyrir Þjóðminjasafn Íslands og talið að um Þorgarðsdys væri að ræða (Ragnheiður Traustadóttir, 2018, bls. 29). Skýrsla um skráningu Guðmundar var aldrei gefin út en gögnin nýttust við skráninguna árið 2018 (Ragnheiður Traustadóttir, 2018, bls. 8). Ragnheiður skráði Þorgautsdys/Þorgarðsdys sem dys eða legstað og sagði hana líklegri til að vera dys en hinar tvær, Þormóðsdys og Kulhesdys, vegna þess að staðsetning þeirra í fyrri skráningu virðist vera tóft og fuglaþúfa (Ragnheiður Traustadóttir, 2018, bls. 40).

## 2. Stjórnsýsla og fjármögnun


Uppgröfturinn var fjármagnaður með styrkjum úr Fornminjasjóði og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Skriflegt leyfi fyrir honum var veitt frá bæjarstjórn Garðabæjar, sem er eigandi Arnarneshæðar, og Minjastofnun Íslands. Auk þess veittu íbúar í nærliggjandi götum munnlegt leyfi sitt til uppgræftarinnar.

## 3. Aðrar almennar upplýsingar

Farið var að dysinni og hún mæld með alstöð og ljósmynduð 17. júlí 2019. Uppgröftur hófst 18. júlí og lauk 19. júlí 2019. Stjórnandi uppgræftar var Dr. Steinunn Kristjánsdóttir. Ómar Valur Jónasson stjórnaði mælingum og ljósmyndun með dróna en Snædís Sunna Thorlacius aðstoðaði við mælingar og vann teikningar, ásamt Ómari. Sigrún Hannesdóttir sá um aðra ljósmyndun. Öll ofangreind tóku þátt við uppgröft. Notast var við skóflur, stunguspaða og múrskelðar við uppgröft.

## 4. Uppmælingakerfi


Við upphaf rannsóknarinnar á Þorgauts-/Þorgarðsdys voru teknir þrjú punktar með Trimble GEO7X GPS tæki. Hnitin á punkturnum voru tekin í hnitakerfið ISN93 og voru þeir svo notaðir til frekari uppmælinga með alstöð. Hnit punkta eru þessi, 1: 403112.18 N, 358148.18 A, 2: 403114.09 N, 358159.05 A, 3: 403105.70 N, 358158.57 A. Mjög lítil skekkja var á punkturnum eða ekki nema um  $\pm 50$  cm. Eins og áður kom fram voru þessir punktar svo notaðir sem fastir punktar við mælingar með alstöð. Gögn sem voru mæld með alstöðinni voru svo unnin í forritinu Intrasis (teikning 1) og að lokum sameinuð teikningum sem unnar voru út frá drónamyndunum (teikning 3).



**Teikning 1** Teikning út frá alstöðvarmælingum á jaðri steinahrúgunnar og efstu steinum.

## 5. Aðferðir á vettvangi

Þegar farið var þann 17. júlí að Þorgautsdys voru GPS-punktur mældir. Auk þess voru teknar drónamyndir af grjóthrúgunni og nánasta umhverfi. Síðan voru efstu steinarnir í hrúgunni mældir inn, auðkenndir með lituðum krítum og fjarlægðir ásamt gróðri. Við lok vinnudags voru teknar drónamyndir af svæðinu. Næsta morgun var haldið áfram að fjarlægja steina og



**Teikning 2** Uppgraftarsvæðið á lokastigi uppgrftarins með teiknuðum steinum og holum.

gróður ofan af hrúgunni og stærri steinar mældir með GPS. Þegar allur gróður hafði verið fjarlægður og grjóthrúgan afhjúpuð í heild sinni voru teknar drónamyndir.

Grjóthrúgunni var skipt í tvennt með bandi sem strengt var þvert yfir hana og aðskildi norður- og suðurhluta hennar. Byrjað var að grafa norðurhelming grjóthrúgunnar. Þaðan voru stórir steinar fjarlægðir með handafli og tvær holur grafnar þar sem áður voru steinar. Notast var við skóflur, stunguspaða og múrskeiðar. Grafið var niður á jökulruðning án þess að bein fyndust. Það eina sem fannst undir steinunum var plastrusl sem líklega hafði borist þangað með vindi (mynd 1).



**Mynd 1** Plastrusl sem fannst undir steinum.

Ljósmyndir voru teknar á meðan á vinnudegi stóð og við lok vinnudags, bæði yfirlitsmyndir, nærmyndir af holum og vinnumyndir. Morguninn 19. júlí voru gerðar tvær holur í suðurhelmingi grjóthrúgunnar á sama hátt og áður. Þar var einnig grafið niður á jökulruðning án vísbendinga um dysjaðan einstakling (teikning 2). Hætt var að grafa og teknar voru drónamyndir og nærmyndir af holunum (mynd 2). Gengið var frá svæðinu og yfirlitsmyndir teknar áður en það var yfirgefið.




**Mynd 2** Nærmynd af einni af fjórum holunum.

## 6. Landslag, gróður og umfang uppgrafter

Þorgautsdys/Þorgarðsdys stendur í aflíðandi halla að sjó norðan megin við Hafnarfjarðarveg. Rétt hjá dysinni lá eitt sinn þjóðleið (Ragnheiður Traustadóttir, 2018, bls. 7). Dysin samanstendur af misstórum steinum sem eru vaxnir mosa, lyngi, ljónslappa og skófum. Áhugavert er að mjög fáir steinar eru í nágrenni hrúgunnar. Tveir áberandi stórir steinar eru á yfirborði hrúgunnar við suðurjaðar hennar og inni í grjóthrúgunni var sjálfsáð birkitré sem var fjarlægð (teikning 3). Dysin er u.þ.b. 4,5 m á breidd og 5 m á lengd. Því er flatarmál svæðisins sem grafið var upp u.þ.b. 22,5 fermetri.

Þorgauts-/Þormóðsdys 14. ágúst 2019  
Teiknilag 1  
Hreinteikning: Snædis Sunna Thorlacius



**Teikning 3** Yfirlitsteikning af dysinni áður en farið var að hrófla við henni.



## 7. Miðlun

Niðurstöðum þessa uppgrftar verður miðlað í gegnum kortasjá sem Ómar Valur Jónasson hefur unnið að fyrir rannsóknarverkefnið *Dysjar hinna dæmdu*, <http://dhd.hi.is/>. Kortasjain er sjónrænn sögulegur landfræðigrunnur yfir aftökur á Íslandi. Hún er byggð á gögnum frá Landmælingum Íslands, Fornleifastofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, skráningarskýrslum fornleifa og upplýsingum úr Alþingisbókum og annálum. Um gagnasöfnun sáu Sigrún Hannesdóttir, Magnea Dís Birgisdóttir og Snædís Sunna Thorlacius. Einnig munu meginatriði þessa uppgrftar vera birt í áfangaskýrslu verkefnisins *Dysjar hinna dæmdu* fyrir árið 2019 sem verður aðgengileg á heimasíðu umsjónarmanns rannsóknarinnar, <https://notendur.hi.is/sjk/>.

## 8. Niðurstöður

Eftir að komist var niður á jökulruðning í öllum fjórum holunum sem grafnar voru í grjóthrúguna, án þess að leifar dysjaðrar manneskju hefðu fundist, var áætlað að hér væri ekki um dys að ræða. Þrátt fyrir að það hafi verið örlítill vonbrigði er það áhugaverð útkoma. Þessi grjóthrúga hefur verið talin vera dys síðan vel fyrir aldamótin 1900, ef marka má frásögn Þuríðar Guðmundsdóttur Mathiesen. Vert er að nefna það að fyrir nokkrum árum síðan var lagður hjólastígur yfir Arnarneshæðina og niður í Kópavog en hann var sveigður fram hjá dysinni (mynd 3). Ef til vill getur þessi grjóthrúga hafa myndast eftir túnhreinsun og út frá



**Mynd 3** Dysin eftir að allur gróður var fjarlægður. Hjólastígurinn sést vel.

henni spunnist þjóðsaga um Þorgaut/Þorgarð. Venjan var að landamerki eins og vörður væru nálægt þjóðleiðum og að ferðalangar bættu við grjóti í þær á leið sinni fram hjá. Það sama átti við um dysjar sem hafðar voru nálægt alfaraleið til áminningar og viðvörunar. Því getur verið að upphaflega hafi hrúgan verið landamerki eða myndast eftir túnhreinsun og síðan hafi steinum verið bætt á af ferðalöngum árum saman og þannig orðið til þessi stóra sennilega hrúga.

## Heimildaskrá

Gísli Sigurðsson. (e.d.). *Landamerkjalyásing fyrir þjóðjörðinni Arnarnesi í Garðahreppi*. Sótt af <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=581911&fbclid=IwAR1dRUdFr35L374iS71rHxree-tGZ85gK0qvw4sL3cpiMRrideW5AkU61ic>

Guðmundur Ólafsson. (1996, 23. mars). Sakamannadysjar í Kópavogi. *Lesbók Morgunblaðsins*. Sótt af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/256506/>

Matthías Þórðarson. (1929). Nokkrar Kópavogsminjar. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1929* (bls. 1–33). Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir. (2018). *Dysjar hinna dæmdu. Áfangaskýrsla 2018*. Sótt af: [https://notendur.hi.is/sjk/DYS\\_2018.pdf](https://notendur.hi.is/sjk/DYS_2018.pdf)

Ragnheiður Traustadóttir. (2018). *Fornleifaskráning Arnarnesi í Garðabæ*. Garðabæ: Antikva ehf.

## Myndaskrá

Myndaskrá	Dysjar hinna dæmdu	Sumar 2019	
Þorgautsdys	Safnnúmer: 2019-61	Leyfisnúmer: 201806-0059	
Heiti myndar	Nr myndar	Myndefni	Ljósmyndari / Teiknari
Forsíðumynd	2019-61-36	Drónamynd af Þorgauts-/Þorgarðsdys eins og komið var að henni fyrir uppgröft.	Ómar Valur Jónasson
Teikning 1	T_2019-61-1	Teikning út frá alstöðvarmælingum á jaðri steinahrúgunnar og efstu steinunum.	Ómar Valur Jónasson
Teikning 2	T_2019-61-4	Uppgriftarsvæðið á lokastigi uppgriftarins með teiknuðum steinum og holum.	Snædís Sunna Thorlacius
Mynd 1	2019-61-14	Plastrusl sem fannst undir steinum.	Sigrún Hannesdóttir
Mynd 2	2019-61-24	Nærmynd af einni af fjórum holunum.	Sigrún Hannesdóttir
Teikning 3	T_2019-61-2	Teikning af dysinni eins og hún leit út að ofan áður en farið var að hrófla við henni.	Snædís Sunna Thorlacius
Mynd 3	2019-61-1	Dysin eftir að allur gróður var fjarlægður. Hjólastígurinn sést vel.	Sigrún Hannesdóttir



## Teikningaskrá

Teikningaskrá	Dysjar hinna dæmdu	Sumar 2019			
Þorgautsdys	Safnnúmer: 2019-61	Leyfisnúmer: 201806-0059			
Nafn	Staður	Bæjarfélag	Dagsetning	Myndefni	Teiknari
T_2019-61-1	Þorgautsdys, Arnarnes	Garðabær	23.8.2019	GPS-mælingar á jaðri dysjarinnar og steinum.	Ómar Valur Jónasson
T_2019-61-2	Þorgautsdys, Arnarnes	Garðabær	14.8.2019	Þorgautsdys eins og komið var að henni.	Snædís Sunna Thorlaciús
T_2019-61-3	Þorgautsdys, Arnarnes	Garðabær	14.8.2019	Þorgautsdys eins og komið var að henni - svarthvít	Snædís Sunna Thorlaciús
T_2019-61-4	Þorgautsdys, Arnarnes	Garðabær	14.8.2019	Teiknilag 2 af Þorgautsdys, eftir uppgröft.	Snædís Sunna Thorlaciús
T_2019-61-5	Þorgautsdys, Arnarnes	Garðabær	14.8.2019	Teiknilag 2 af Þorgautsdys, eftir uppgröft - svarthvít	Snædís Sunna Thorlaciús